

# Viðreisn

## Efni: Spurningar til framboða stjórn málaflókka fyrir Alþingiskosningar 2021

### Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ef þið komist til áhrifa?

Viðreisn vill skapa barnvænt og sveigjanlegt samfélag hér á landi og leggja mikla áherslu á réttindi barna, Barnasáttmálann og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ef flokkurinn kemst í ríkisstjórn.

Á meðal þess sem Viðreisn vill er að fæðingarorlof verði skilgreindur réttur barns til samvistar við foreldra/forsjáaraðila, óháð fjölskyldugerð, til fimm ára aldurs. Ef foreldrar eru tveir þá skiptist réttur jafnt þeirra á milli. Barn með eitt foreldri/einn forsjáaraðila skal njóta fullra réttinda.

Greiðslur úr orlofssjóði foreldra skulu miðast við 80% tekna í allt að 365 daga. Hámark orlofsgreiðslna þarf að hækka verulega og tryggja þarf að allir foreldrar hafi rétt á greiddu sumarleyfi eftir fæðingarorlof.

Viðreisn telur að hagsmuna barna sé best gætt með því að hækka til muna rétt námsmanna, fólks í minna en 25% starfi og fólks sem er nýkomið út á vinnumarkað til fæðingarstyrks. Fjárhæð þess styrks skal byggð á viðeigandi neyslviðmiðum hins opinbera.

Þá vill Viðreisn byggja upp öflugt menntakerfi þar sem unnið er eftir fjórða Heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna en þar segir:

„Tryggja skal jafnt aðgengi barna, óháð efnahag, að skapandi félags- og tólmstundastarfi og fjölbreyttu menningaruppeldi frá unga aldri.“

Menntakerfið þarf að styðja við ólíkar þarfir og ólíka hæfni barna á öllum skólastigum. Sérstaklega þarf að styðja við börn sem ekki hafa íslensku að leiðarljósi.

Við verðum að tryggja öllum börnum fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu og það skiptir máli að uppræta biðlista barna vegna nauðsynlegra greininga og þjónustu. Það er ekki réttlætanlegt að börn þurfi að bíða í 2-3 ár eftir sérfræðiaðstoð.

### 2. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónusta við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid-19?

Viðreisn hyggst ekki skera niður í þjónustu við börn heldur tryggja betri þjónustu við börn, til að mynda í heilbrigðiskerfinu, þar sem fjöldi barna er á biðlista, til dæmis eftir þjónustu talmeinafræðinga. Viðreisn vill taka á þessum vanda enda er það ekki boðlegt að börn þurfi að bíða eftir nauðsynlegri þjónustu. Þá leggur Viðreisn mikla áherslu á baráttuna gegn loftslagsbreytingum og róttækar aðgerðir til þess að sporna gegn loftslagsvánni. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir komandi kynslóðir.

### 3. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?

Kerfisbreytingarnar eru mjög jákvæðar og nutu stuðnings þingflokks Viðreisnar. Þær munu þó ekki leiða sjálfkrafa til betri þjónustu við börn. Til þess að það verði þarf að tryggja nauðsynlegar

réttarbætur, fylgja Barnasáttmálanum og lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Stuðningur við börn og foreldra þeirra verður að vera fjármagnaður með fullnægjandi hætti.